



5. FUNDUR Á MIÐÖNN 2021-22, MIÐVIKUDAGINN 2. FEB. KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf

Þrír nemendur segja sig frá námi.

2. Félagslíf NFFG

Árshátíðarundirbúningur gengur vel. Söngkeppni fer fram 10. feb. og Gettu betur liðið keppir í sjónvarpssal 11. feb. Skipulag skíðaferðar er líka í gangi og stefnt að því að fara til Akureyrar í mars. Morfis keppnin var flutt til Reykjavíkur en lið FG dróst á móti norðanliði fjórða árið í röð.

3. Önnur mál

Undirbúningur fyrir Imbrudaga er hafinn og settur verður saman rýnihópur með nemendum til að fá hugmyndir að dagskrá. Skólinn er kominn með 5. og síðasta skrefið af grænum skrefum í ríkisrekstri. Unnið hefur verið að því að bæta flokkun úrgangs í skólanum og heitið var verðlaunum þegar 60% markinu væri náð. Við erum komin í 68% og verið að vinna að því að finna verðug verðlaun.

Fundinn sátu:

Auður Sigurðardóttir náms- og starfsráðgjafi

Ásdís Björnsdóttir fulltrúi kennara

Dagný Broddadóttir náms- og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Helgi Már Herbertsson, fulltrúi NFFG

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri

Kristófer Breki Halldórsson, fulltrúi NFFG

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi